

Stjórnarfundur SÍK þriðjudaginn 9. febrúar kl 18:00

Forföll: Kristján, Haraldur.

Upphafsorð: Gulli las úr Lúkas 18:31-34. Sambæn.

1. Fundargerðir

- a. Frá síðasta stjórnarfundu. Stefnt er að því að Kalli og Raggý fari til Eþíópíu í sumar í 2 mánuði og Kalli síðan aftur einn sinn liðs í ársbyrjun 2017. Rætt hefur verið við Svein Alfreðsson um að þau hjónin fari út sem fararstjórar á UL í sumar.
- b. Starfsmannafundur. Engar athugasemdir.

2. Fjárhagsstaðan

- a. Staðan eftir að flest hefur verið fært fyrir 2015 lítur ágætlega út. Salt ehf. er með um 400 þús. kr. halla. Rekstrarafgangur SÍK stefnir í um 12 milljónir. Meginástæðan er arfur eftir Lilju S. Kristjánsdóttur sem kemur inn í óreglulegar tekjur. Launakostnaður hefur hækkað töluvert og einnig gjaldfærðir styrkir til starfsins úti hærri en gert var ráð fyrir, greiddar voru eldri skuldir við NLM og starfið úti.

3. Ýmis mál og erindi til stjórnar

- a. Dagsetning aðalfundar og lagabreytingatillögur. Helstu athugasemdir: Orðfæri í 1. grein þykir fornt. Einstaklingur virðir en játar ekki kenningargrundvöllinn. Tímasetning aðalfundar. Félagalisti þarf að liggja fyrir. Tilhögun á tröppun niður á fjölda stjórnarmanna. Flestir sætta sig við að aðalfundurinn verði á miðvikudegi. Tillögur og athugasemdir verða lögð undir lagabreytinganefnd. Skýrt þarf að vera hverjir eru kjörgengir og ekki misræmi í lögum varðandi það. Stjórnin telur ekki rétt að binda í lögum hvenær ársins aðalfundur skuli haldinn.
- b. Ákveðið var að aðalfundur verði 4. maí. Tillaga um að stjórnin bjóði tveimur frá Norðurlandi og tveimur frá Austurlandi 10 þúsund kr. á mann til að létta undir ferðakostnað til aðalfundar.
- c. Dagkrá kristniboðsviku er að verða tilbúin. Hópur kemur frá NLM Ung og tekur þátt í hluta vikunnar. Vikan verður Eþíópíumiðuð. Drög verða send á stjórnarmenn.
- d. NLM Ung óskar eftir formlegu samstarfi við SÍK. Starfsmenn eru beðnir að kanna hvað fælist í slíku formlegu samstarfi.
- e. Þrjár umsóknir hafa verið sendar um styrki til biblíuskólanáms í Noregi. Ákveðið að styrkja hverja þeirra um 200 þúsund. Kristín skrifar til NLM og kannar með endurvakningu á fríplássum. Jafnframt verði greiddur aukastyrkur til hennar sem er við nám í biblíuskóla hjá NLM í vetur.
- f. Aðstoð við styrkumsóknir. Bjarni Gíslason er tilbúinn að aðstoða við gerð umsókna um opinbera styrki til verkefna í þróunarsamvinnu og ráðleggingar við öflun gagna að utan til að auka líkur á að þær fari í gegn. Stjórnin er þakklát fyrir fúsleika hans og þiggur aðstoð hans.
- g. Sameiginlegt söfnunaráttak fyrir sýrlenska flóttamenn í sjónvarpinu. Stjórnin er mjög jákvæð fyrir því að taka þátt í verkefninu.
- h. Sat7 fundur í apríl. Þeir eru 20 ára sem samtök. Við höfum aldrei sótt þessa fundi og jákvætt væri ef einhver gæti farið og sótt fundinn fyrir eigin reikning. 6.-8. apríl 2016. Stjórnin er til í að stykja um 100 þúsund til ferðarinnar ef einhver vill fara af stjórnarmönnum, að öðrum kosti kanna hvort Ragnar geti farið.

4. Önnur mál.

- a. NLM undirbýr 120 ára afmælishátíð og bjóða frá samstarfskirkjum ýmsum kirkjuleiðtogum. Spurt var hvort hægt væri að samnýta ferð í tengslum við að fá Nikulás Loyare frá Keníu. Það hentar okkur ekki á þeim tíma.

Næsti fundur 15. mars. kl. 18:00